

Ed.

524. Frumvarp til laga

[201. mál]

um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Kirkjumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum nýbýlastjórnar og með samþykki skipulagsnefndar prestssetra, enda náist ekki samkomulag við hlutaðeigandi prest, að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu samkv. lögum um ættaróðal og erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum, sem taldar eru heppilegar til nýbýlastofnunar og prestur nýtjar ekki að öllu leyti eða þarf til búrekstrar sjálfur.

2. gr.

Nú er ákveðið að skipta prestssetursjörð í tvö eða fleiri býli samkvæmt ákvæðum 1. gr., og skulu þá úttektarmenn meta afgang af býli því eða býlum, sem frá jörðinni eru skilin. Renna afgang til hlutaðeigandi prests, þar til næst fer fram mat á heimatekjum presta, sbr. lög nr. 46 1907, en síðan í Kirkjujarðasjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alþjóð kunnugt, að prestssetursjarðirnar voru með betri jörðum hver í sinni sveit. Með breyttum búskaparháttum og þeim umbótum, sem orðið hafa á jörðum hin síðari ár, hefur þetta breytt nokkuð. Á mörgum prestssetrum hafa engar eða sáralitlar umbætur verið gerðar, og við það hafa þau dregið aftur úr. Jafnframt hefur viðhorf presta til búskapar breytzt, svo að margir þeirra kæra sig ekki um að reka búskap. Þeir hafa þá byggt öðrum prestssetursjarðirnar, sumir fyrir margfalt hærra eftirgjald en þeim er gert að greiða eftir brauðamatinu 1919—20, en síðan hafa heimatekjur presta ekki verið metnar þrátt fyrir lög nr. 46/1907. Það þykir því rétt að skapa möguleika fyrir því, að hægt sé að taka þann hluta af prestssetursjörðunum, sem prestar þurfa ekki eða kæra sig ekki um að nota, og byggja öðrum, og er frumvarpið flutt í því skyni.